



6. fundur stjórnar LH 2022-2024
5. apríl 2023 kl. 19:30
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Gunnarsson Hákon Hákonarson Þórhildur Katrín Stefánsdóttir og Valdimar Magnús Ólafsson, Edda Rún Ragnarsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson

úr aðalstjórn, og úr varastjórn.

Fjarverandi: Birna Tryggvadóttir varastjórn.

Forföll boðuðu: Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Randi Holker, Gróa Baldvinsdóttir

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar

2. Verkefnastaða í nefndum

Stjórnarmenn fóru yfir stöðu verkefna í þeim nefndum sem þeir eiga sæti í.

Öryggisnefnd (PKS):

Hugmyndin er að gera myndbandaröð um öryggismál í hestamennsku. Fyrsta myndbandið yrði um öryggi reiðtygja þar sem söðlasmiður færir yfir hvað þarf að hafa í huga í þeim málum. Verið er að vinna að því að fá reiðtygjaframleiðanda til að styrkja gerð myndbandsins.

Útbreiðslu- og nýliðunarnefnd (PKS):

Nefndarmeðlimir eru að vinna í ákveðnum köflum í eins konar handbók, þar sem fjallað er um t.d. félagshesthús, styrki sveitarfélaga til hestamennsku í samanburði við aðrar íþróttagreinar, kostnað við hestamennsku o.fl.

Starfshópur mennta- og barnamálaráðherra um bætt aðgengi barna að hestamennsku (GH):

Starfshópurinn skipa Guðni Halldórsson, formaður, Edda Rún Ragnarsdóttir og Hákon Hákonarson tilnefnd af LH, Eva Margrét Jónudóttir, tilnefnd af sambandi íslenskra sveitarfélaga, starfsmaður hópsins er Örvar Ólafsson sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneyti. Fyrsti fundur hefur verið boðaður.

FEIF-vinnuhópur um Social Licence to Operate (SLO) (PKS): Virk vinna í gangi innan hópsins. Verið er að vinna að svörum við algengum spurningum í tengslum við Íslandshestamennsku.

Íslenskur vinnuhópur um SLO (PKS):

Hópurinn skipa:

- Þórhildur Katrín Stefánsdóttir (LH) - *Formaður*
- Sonja Línal Þórisdóttir (Deild hrossabænda)
- Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir (FT)
- Elsa Albertsdóttir (RML)
- Sigríður Björnsdóttir (MAST)
- Elisabeth Jansen / Guðrún Stefánsdóttir (Hólaskóli)
- Berglind Margo Þorvaldsdóttir (Hol)
- Sigríður Bjarnadóttir (LBHÍ)



Mannvirkjanefnd (SHJ): Komin er nokkuð góð mynd á lista yfir kröfur sem gerðar eru um aðstöðu á mótssvæðum þar sem stórmót eru haldin. Verður lagt fyrir stjórn á næsta stjórnarfundum.

Tölvunefnd (ÓG): Nefndin fundar jafnt og þétt, samstarf við Horseday í góðum undirbúningi.

Landsliðsnefnd (SM): Undirbúningur fyrir Allra sterkustu í fullum gangi. Verið er að safna tollum í stóðhestaveltuna. Nýlega var samningur við Bláa lónið endurnýjaður fram yfir HM 2025 og gengið frá samningi til tveggja ára við Íslandsbanka. Verið er að ganga frá samningum við fleiri nýja samstarfsaðila.

Starfhópur um gæðingakeppni á Norðurlandamóti (VÓ): Haldnir hafa verið fundir og tillögur eru að mótast.

Reiðveganefnd (HH): Skiptingu reiðvegafjár ársins á milli landshluta er lokið, til úthlutunar á árinu eru 84 milljónir alls. Nefndin sendi beiðni til Vegagerðarinnar um að LH hafi umsjón með úthlutunarfénu, fái lagt inn á reikning, sem VG hefði skoðunaraðgang að, og LH sjái um greiðslur til verktaka.

Fundur með svæðisstjórum Vegagerðarinnar hefur verið boðaður, þar sem farið verður yfir samkomulagið milli LH og VG sem undirritað var í fyrra.

Fyrirspurn barst frá Landmælingum Íslands, þar sem óskað var eftir aðgangi að gögnum úr Kortasjá fyrir verkefnastjórn Rammaáætlunar en öll gögn í Kortasjónni eru í eigu LH. *Afgreiðsla: HH falið að hafa samband við LMÍ og ræða samstarf.*

Skógarhólar (HH): Framkvæmdir áætlaðar í byrjun maí.

3. Reikningar LH 2022 – Ólafur Gunnarsson gjaldkeri

Rekstrarreikningur LH fyrir árið 2022 kynntur.

4. Lög, reglur og reglugerðir LH endurútgefin

Uppfærð útgáfa af lögum, reglum og reglugerðum LH hefur verið birt á vef LH. Í þessari nýju útgáfu hefur regluverkið fengið allmikla upplýftingu með breyttri og einfaldari framsetningu.

Regluverk LH um íþróttakeppni hefur verið samræmt regluverki FEIF, þ.e. reglurnar settar upp eins og FEIF gerir, lagfæringar gerðar á orðalagi og greinar þýddar sem áður voru óþýddar en efnislega er ekki um aðrar breytingar að ræða en gerðar voru á Landsþingi 2022 og FEIF-þingi 2023.

5. Starfsmannamál

Gengið hefur verið frá ráðningu Jónínu Sifjar Eypórsdóttur í starf útbreiðslu og kynningarmála. Jónína hefur störf 11. apríl.

6. Önnur mál

a. Landsmót 2024

Stjón LM efh. Hefur fundað reglubundið með formanni Spretts. Boðað hefur verið til félagsfundar Spretts til að ræða landsmótsmál innan félagsins.

b. Dómaramál

GDLH og HÍDÍ hafa óskað eftir að LH taki að sér að úthluta dómurum á mót. Kominn er flipi á heimasíðuna þar sem félög geta sótt um dómara. Fundur verður haldinn með dómarafélögunum eftir páska þar sem farið verður yfir breytingar á regluverkinu.



Boðuð hefur verið breyting á verklagi varðandi greiðslur til dómara og jöfnun ferðakostnaðar. LH mun framvegis hafa milligöngu um að greiða dómurum laun og aksturskostnað og rukka félögin um dómarakostnað.

Afgreiðsla: Samþykkt.

c. Ferð formanns á Icehorse Festival 2023

Umræða varð um þörf á löglegum innanhússvelli í hestaípróttum.

Afgreiðsla: Formanni falið að skrifa ráðherra bréf þar sem farið er fram á að gert verði ráð fyrir hestaípróttum í nýju fjölnota ípróttahúsi í Laugardalnum.

d. Fundarferð stjórnar

Höfuðborgarsvæðið, Vesturland og Suðurland búin. Finna þarf tíma fyrir fundi á Norðulandi, Austurlandi og Vestfjörðum.

e. Ensk þýðing á reglugerð um gæðingakeppni

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra falið að fá tilboð í enska þýðingu á reglugerð um gæðingakeppni.

f. Staðfundur stjórnar í maí.

Afgreiðslag: Sveini falið að skipuleggja heimsókn í Sörla, fá kynningu á félagshesthúsunum og skipuleggja reiðtúr.

f. Ípróttarþing 5. - 6. Maí.

Afgreiðsla: ÞKS falið að mæta á þingið f.h. LH ásamt einum öðrum stjórnarmanni.

g. Landsþing 2024

Hestamannafélagið Borgfirðingur hefur boðist til að vera gestgjafi á landsþingi 2024.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Fundi slitið kl. 21.10.